



Hafnarfjarðarkaupstaður
Pósthólf 100
222 Hafnarfjörður

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 23. maí 2013
Tilv.: UMH13050010/0209-05

Efni: Vistvæn innkaup

Stefna um vistvæn innkaup ríkisins fyrir árin 2013-2017 var samþykkt af umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þann 9. apríl s.l. Stefnan er hluti af innkaupastefnu ríkisins sem jafnframt er aðgerðaráætlun Íslands um vistvæn opinber innkaup.

Gert er ráð fyrir að skipaðir verði stýrihópur og sem vinna á að innleiðingu stefnunnar. Í stýrihópnum munu eiga sæti fulltrúar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti, sveitarfélögum, Umhverfisstofnun, Landspítala-háskólasjúkrahús, Ríkiskaupum og umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem jafnframt mun stýra vinnu hópsins. Hlutverk stýrihópsins verður að vinna að sameiginlegum verkefnum sem styðja við vistvæn opinber innkaup á Íslandi. Hlutverk vinnuhópsins verður að vinna að verkefnum og ráðgjöf við innleiðingu vistvænna innkaupa vegna nýju stefnunnar. Verkefnið er hugsað sem samstarfsvettvangur opinberra aðila sem og annarra hagsmunaaðila sem áhuga hafa á að innleiða og vinna að vistvænum opinberum innkaupum.


Hér með er óskað eftir því að Hafnarfjarðarkaupstaður tilnefni einn fulltrúa í stýrihópinn. Æskilegt er að tilnefningin taki mið af skipun fyrri starfshóps. Tilnefning óskast send ráðuneytinu eigi síðar en 6. júní nk. þar sem tilgreind er kennitala, starfstíll og heimilisfang viðkomandi.

Með vísan til 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008 og jafnréttisáætlunar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins er óskað eftir því að þér tilnefnið bæði karl og konu sem mögulegan fulltrúa yðar þannig að ráðuneytið hafi möguleika á að skipa nefndina til samræmis við markmið umræddra laga.

Tilnefningaraðilar bera kostnað vegna starfa fulltrúa sinna í nefndinni.

Fyrir hönd ráðherra


Stefán Thors

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	28.5.2013
Málsnr:	1305363
Bréfal:	038.0